

## **Reglugerð um Öldungamót BLÍ**

### **Fyrsti kafli - Markmið og tilgangur**

#### **Gr. 1.1.**

Mótið heitir Öldungamót BLÍ. Markmið þess er að útbreiða blakíþróttina, stuðla að framförum í tækni og viðhalda getu keppenda. Mótið skal vera vettvangur jákvæðra samskipta milli blaköldunga af öllu landinu með leikgleðina að leiðarljósi.

Gr. 1.2. Þátttaka í Öldungamóti BLÍ er heimil öllum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Vera skráður iðkandi í blaki hjá félagi innan ÍSÍ

b) Vera á keppnisárinu 30 ára eða eldri í öldungadeildum og 50 ára eða eldri í öðlingadeildum.

c) Hver leikmaður leiki aðeins í einni deild og með einu liði. Öldungur getur gefið félagi leyfi til að færa liðsmann á milli deilda ef meiðsli koma upp í liði. Það gildir þó aðeins innan sama félags og aldrei úr efri deildum í neðri deildir.

d) Félagaskipti þarf ekki að tilkynna.

### **Annar kafli – Umsókn um að halda næsta Öldungamót og gjald til uppbyggingarstarfs**

Gr. 2.1 Umsókn um að halda Öldungamót BLÍ eftir 2 ár skal send inn til starfandi öldunganefndar og BLÍ, í síðasta lagi 21 degi fyrir næsta mótisdag, á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu BLÍ. Ekki er tekið við umsóknum nema á tilgreindu umsóknareyðublaði og skulu allir reitir útfylltir. Öldunganefndin mun síðan yfirfara umsóknirnar, kynna þær á vef mótsins og leggja þær síðan fram til atkvæðagreiðslu á öldungamótinu. Einungis félög innan Blaksambands Íslands geta sótt um að halda Öldungamót BLÍ og skal umsókn um mótið koma frá blakdeild félaganna. Komi engin umsókn um mótahald þá hefur Öldungaráð á hverjum tíma vald til að framlengja umsóknarferlið til 1. október sama ár. Komi engin umsókn þá mun Öldungaráð fara í samræður við félög innan BLÍ um að taka aðsér mótið. Möguleiki verður þó á að félög geti sótt um með árs fyrirvara á Öldungamótinu sem er haldið ári áður. Komi ekki umsókn um öldungamót samkvæmt ofangreindum forsendum að þá hefur BLÍ heimild til að sækja um og halda Öldungamót

Hvert lið fær atkvæðaseðil með mótsgögnum til að kjósa um þar næsta öldungamót og næsta ef það liggur ekki fyrir. Atkvæðum skal skilað fyrir kl. 18:00 á öðrum mótisdegi til öldungaráðs.

Gr. 2.2 Af þátttökugjaldi skal mótshaldari greiða til BLÍ upphæð sem nemur 25% af þátttökugjaldi eins og það er ákveðið ár hvert. Hafi mótshaldari/blakfélag ekki starfrækt yngriflokkastarf á yfirstandandi keppnistímabili skal hann greiða 40% af þátttökugjöldum til BLÍ.

Gr. 2.3 Fjármunir þessir skulu ætlaðir útbreiðslu – og yngriflokkastarfi á vegum BLÍ og ráðstöfun þeirra birt á sýnilegan hátt í ársskýrslu BLÍ ár hvert. Á móti skal BLÍ skipa 2 landsdómara til að hafa umsjón í samráði við mótshaldara með dómgæslu og niðurröðun dómara á Öldungamótum BLÍ.

Gr. 2.4 Framkvæmdaraðili mótsins er ábyrgur fyrir því að úrslit séu send til BLÍ, eigi seinna en viku eftir að móti lýkur. Jafnframt skal BLÍ sjá til þess að skýrslur og úrslit Öldungamóta birtist í ársskýrslu BLÍ hverju sinni. Hlutfall greiðslu til BLÍ skal endurskoðað á ársþingi sambandsins annað hvert ár.

### **Þriðji kafli - Framkvæmd öldungamóta**

Gr. 3.1 Öldungur skipar tvo menn með sér í öldunganefnd, sem sér um framkvæmd mótsins hverju sinni og skal hlíta gildandi reglum.

Gr. 3.2 Mótið skal haldið á þeim stað sem tilgreindur er í umsókn hverju sinni og eins nálægt 1. maí eða sumardegnum fyrsta og auðið er.

Gr. 3.3 Keppt skal um farandgrip í efstu deild karla og kvenna. Auk þess skulu veitt verðlaun fyrir 2 efstu sætin í hverri deild og í hverjum armi ( sjá grein 3.4 ) Mótshaldarar skal sjá til þess að bikar sé til staðar fyrir myndatöku í öllum deildum.

Gr. 3.4 Keppt skal í deildum. Í deildum 1, 2, 3 og 4 eru 7 lið. Leikin er einföld umferð. Ár hvert færast tvö efstu lið deilda 2, 3 og 4 upp í næstu deild og tvö neðstu lið efstu fjögurra deildanna færast niður um deild. Í deild 5 og neðar, skulu vera 14 lið í A og B örmum. Efstu tvö í hvorum þessara arma færast upp um deild og neðstu tvö lið sömu arma færast niður um deild. Efsta liðið í armi A færast upp í arm B í deildinni fyrir ofan og næstefsta liðið í armi A færast upp í arm A í deildinni fyrir ofan og öfugt hjá liðunum í armi B. Neðsta liðið í armi A færast niður í arm B í deildinni fyrir neðan og næstneðsta liðið í armi A færast niður í arm A í deildinni fyrir neðan og öfugt hjá liðunum í armi B. Að auki hafa liðin í fjórða sæti armaskipti, þ.e. liðið sem var í fjórða sæti í armi A í hverri deild fyrir sig spilar í armi B árið eftir og öfugt hjá liðinu í fjórða sæti í armi B. Úr 4. deild færast neðsta liðið í B arm 5. deildar og næstneðsta lið í A arm 5. deildar. Þar af leiðir að aðeins efsta lið hvors arms í 5. deild færast í 4. deild. Að auki hafa liðin í öðru sæti í 5. deild armaskipti, þ.e. liðið sem var í öðru sæti í armi A spilar í armi B árið eftir og öfugt hjá liðinu í öðru sæti í armi B. Ef liðafjöldi í neðstu deildinni (Ö) nær ekki 14 skal hún leikin með deild Æ þar fyrir ofan. Ef liðafjöldi í deild Æ er þess vegna á bilinu 15-27 skal hún leikin á eftirfarandi hátt:

15 lið = 8 í armi A og 7 í armi B

16 lið = 8 í hvorum armi fyrir sig

17 lið = 10 í armi A og 7 armi B

18 lið = 6 í hvorum armi fyrir sig og 6 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan

19 lið = 6 í hvorum armi fyrir sig og 7 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan

20 lið = 7 í hvorum armi fyrir sig og 6 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan

21 lið = 7 í hvorum armi fyrir sig og 7 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan

22 lið = 7 í hvorum armi fyrir sig og 8 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan

23 lið = 8 í hvorum armi fyrir sig og 7 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan

24 lið = 8 í hvorum armi fyrir sig og 8 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan

25 lið = 8 í armi A og 7 í armi B og 10 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan

26 lið = 7 í hvorum armi fyrir sig og 6 í hvorum armi í deild (Ö) þar fyrir neðan

27 lið = 7 í hvorum armi fyrir sig og 6 í armi A og 7 í armi B í deild (Ö) þar fyrir neðan

Ef 15-17 lið eru í deild Æ hafa liðin í sjötta sæti (og áttunda sæti) deildar Æ armaskipti, þ.e. liðið sem var í sjötta sæti (og áttunda sæti) í armi A spila í armi B árið eftir og öfugt hjá liðinu í sjötta sæti (og áttunda sæti) í armi B.

Ef 18-25 lið eru í deild Æ myndast á ný deild Ö fyrir neðan og skal hún spiluð í einum armi og upp úr henni færast efstu tvö liðin. Efsta liðið færast í B arm næstneðstu deildar (Æ) og næstefstaliðið færast í A arm næstneðstu deildar (Æ). Niður úr hvorum armi næstneðstu deildar (Æ) færast þá aðeins neðsta liðið séu 6-7 lið í armi en tvö neðstu liðin séu 8-10 lið í armi. Að auki hafa þá liðin í sjötta sæti (og áttunda) næstneðstu deildar (Æ) armaskipti, þ.e. liðið sem var í sjötta sæti (og áttunda sæti) í armi A spilar í armi B árið eftir og öfugt hjá liðinu í sjötta sæti (og áttunda sæti) í armi B.

Ef 26-27 lið eru í deild Æ myndast á ný deild Ö fyrir neðan og skal hún spiluð í tveimur örmum og upp úr hvorum armi færast tvö efstu liðin eins almennt gildir um armaskiptar deildir (sjá að ofan). Úr hvorum armi næstneðstu deildar (Æ) færast tvö neðstu liðin niður eins og almennt gildir um armaskiptar deildir. Að auki hafa liðin í sjötta sæti neðstu deildar (Ö) armaskipti, þ.e. liðið sem var í sjötta sæti í armi A spilar í armi B árið eftir og öfugt hjá liðinu í sjötta sæti í armi B.

Lið sem leika í deild Æ (og Ö ef deild Ö er leikin) ár hvert geta ekki gengið að því vísu árið eftir að leika í þeirri deild sem úrslit ársins á undan gáfu til kynna þurfi að endurraða í deild Æ (og Ö ef deild Ö er leikin) vegna þess að fjöldi liða gengur ekki upp í margfeldi af 14. Þó skulu liðin sem færast upp úr deild Æ ár hvert ávalt halda þeirri færslu. Í

6 liða deildum/örmum leika allir við alla einfalda umferð og svo einföld úrslit, þ.e. 1 vs. 2, 3 vs. 4, og 5 vs. 6

Í 7 liða deildum/örmum leika allir við alla einfalda umferð

Í 8 liða deildum/örmum skiptast liðin í tvo fjögurra liða riðla þar sem allir leika við alla einfalda umferð í hvorum riðli fyrir sig. Svo er skipt aftur í efri (lið 1 og 2 í hvorum riðli) og neðri (lið 3 og 4 í hvorum riðli) riðla þar sem allir leika við alla einfalda umferð í hvorum riðli fyrir sig. Liðin í efri riðli raðast í fjögur efstu sætin og liðin í neðri riðli í fjögur neðstu sætin í

10 liða deildum/örmum eru tveir riðlar með fimm liðum þar sem allir leika við alla einfalda umferð. Síðan eru spilaðir efri (1 vs. 2 og 2 vs. 1) og neðri (3 vs. 4 og 4 vs. 3) krossar. Sigurvegarar í leikjum efri kross spila svo til úrslita og taparar um þriðja sæti. Sigurvegarar neðri kross spila um fimmta sæti og tapar um það sjöunda. Liðin í 5. sæti í riðlunum spila um níunda sæti.

### **Öldungur tekur ákvörðun um ráðstöfun lausra sæta í deildinni þegar lið mæta ekki til leiks.**

Gr. 3.5. Hver leikur er uppá 2 unnar hrinur, leikið skv. svokallaðri „rally point“ stigagjöf. Leikið er uppí 25 stig nema í oddahrinu upp í 15 stig. Hrina endar í 25 eða 15 stigum þó svo að aðeins eitt stig skilji lið að. Lið fær 1 stig fyrir unna hrinu í stigakeppni mótsins. Séu lið jöfn að stigum ræður hlutfall unninna og tapaðra hrina, sé það jafnt ræður skorhlutfall, það er unnin/töpuð stig. Sé skorhlutfall jafnt sker innbyrðis viðureign úr um röð. Nethæð í

karladeildum er 2,35 m en í kvennadeildum 2,18 m. Hvoru liði er heimilt að taka eitt [1] leikhlé í hverri hrinu. Í mótinu er leyfður svonefndur frelsingi. Búningar leikmanna skulu merktir númerum 1-99. Að öðru leyti gilda leikreglur BLÍ um blakkeppnina sjálfa.

Gr. 3.6 Þátttökutilkynningar liða skal senda öldunganefnd eigi síðar en 30 dögum fyrir mót og skal þátttökugjald, sem er ákveðið af mótshaldara, fylgja tilkynningunni. Þátttökulið skulu senda þátttökulið skulu senda öldunganefnd nafn og kennitölu allra keppenda og bera liðin fulla ábyrgð á að skráning leikmanna sé í samræmi við grein 1.2. Skráning liðsmanna skal vera lokið amk 10 dögum áður en mótið hefst. Lið sem verður uppvíst að ólöglegri liðsskipan tapar öllum leikjum sínum í deildinni 2 – 0 (25 – 0 og 25 – 0) og fellur því sjálfkrafa niður um deild.

Nethæð í 1. deild karla skal vera 2,43 cm og nethæð kvenna í 1. deild skal vera 2,18 cm ( sama nethæð og á Íslandsmóti BLÍ )

Gr. 3.7. Í umsjónarleikjum skulu lið í 8. deild kvenna og í 5. deild karla og ofar sjá til þess að dómari á þeirra vegum sé tiltækur í þeim leikjum sem liðið á umsjón með á mótinu. Félög eru hvött til þess að bjóða upp á dómaramámskeið á tímabilinu. Mótshaldari skal gæta þess að gæta jafnræðis við niðurröðun leikja þannig að lið í neðri deildum þurfi ekki að dæma leiki í deildum með miklu hærra getustig blakdlega séð nema þau treysti sér til þess. ( Sjá reglugerð um dómarsjóð vegna dómgæslu á Öldungamótum BLÍ, þar sem andvirði dómgæslu rennur í styrktarsjóð fyrir unga blakara á Íslandi )

Gr. 3.8 Öldungaráð er skipað þremur síðustu öldungum, til vara koma næstu öldungur á undan í röð (fjórði síðasti, fimmti síðasta o.s.frv.). Síðasti öldungur er formaður öldungaráðs. Öldungaráð er öldunganefnd til ráðuneytis. Öllum ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma varðandi starf öldunganefndar og framkvæmd öldungamóta, skal vísað til öldungaráðs og er úrskurður þess endanlegur. Skriflegum kærum skal skilað innan 30 mínútna eftir að viðkomandi leik lýkur og skal henni fylgja greiðsla kr. 5.000, sem endurgreiðist ef kæran er tekin til greina. Dómarar leiks geta staðfest móttöku kæru ef ekki næst í öldung eða mótshaldara.

## **Fjórði kafli**

Gr. 4.1 Þar sem reglur þessar ná ekki til, þá skulu reglur BLÍ gilda.

Gr. 4.2 Breytingar á reglugerð skulu fylgja reglugerðum um breytingar reglugerða.

Fjalla skal um málefni Öldungamótanna á Ársþingi BLÍ ár hvert og skal stjórn BLÍ sjá til þess að þessum hluta þingsins sé gefin sérstakur tími ásamt því að kalla eftir laga- og

reglugerðarbreytingum. Reglugerðarbreytingar skulu berast skrifstofu BLÍ fyrir ársþing hverju sinni með sama sniði og aðrar tillögur til ársþingsins.

Reglugerðarbreyting frá Öldungaráði lögð fyrir stjórn BLÍ. Þannig samþykkt með meirihluta atkvæða á fundi stjórnar í júlí 2024